

Stjórnarfundur FNS

Fimmtudaginn 19. maí, kl. 14 í Kringlunni

Mættir: Ingibjörg, Unnur, Soffía og Helga. Olga og Margrét voru á Skype

1. Aðalfundur 2016

Aðalfundurinn gekk vel sem haldinn var 29. apríl 2016. 27 félagsmenn mættu.

Skráum niður og höldum utan um magn veitinga sem var keypt.

2. Ályktun aðalfundar vegna stefnumótunar í náms- og starfsráðgjöf

Ályktun vegna skýrslu um stefnumótun var samþykkt af aðalfundi. Soffía mun að prófarkar lesa hana áður en hún verður send út á eftirfarandi aðila:

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Velferðarráðuneyti
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti
- Kí
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Starfshóp um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf
- Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur
- Þorgerði Katrínu hjá SA
- Helstu fjölmiðla landsins

Ályktunin verður einnig send á félagsmenn og sett á heimasíðuna.

3. Stéttarfélagsmál - hvað næst?

Allt í fullum gangi. Erum að vinna þetta með Capacent. Stefnum að því að senda út rafræna könnun á félagsmenn fyrir 15. Júní.

4. Ráðning í stöður náms- og starfsráðgjafa

Félagið þarf að standa vörð um lögverndum starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.

- Stjórn FNS sendir staðlað upplýsingabréf á alla skóla, skólaskrifstofur, háskóla og stofnanir sem náms- og starfsráðgjafar starfa hjá eða geta starfað á til að minna á lögverndunina.
- Stjórn FNS sendir staðlað bréf á skóla og stofnanir þar sem einstaklingar án leyfisbréfs starfa sem náms- og starfsráðgjafar.

- Stjórn FNS bréf á þá félagsmenn sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og hvetur þá til að sækja um.
- Setja upplýsingar um þetta inn á heimasíðu félagsins

5. Sumarnámskeið SEF

Framhaldsskólaráðgjafar fengu styrk frá SEF til að halda námskeið í vor. Það verður ókeypis aðgangur fyrir náms- og starfsráðgjafa innan FF en aðrir þurfa að borga fyrir námskeiðið. Unnur sér um þetta.

6. Námskeið frá Evrópumíðstöðinni

Halda á námskeið fyrir grunnskólaráðgjafa í haust með styrk frá KÍ þar sem kynnt verða tæki og tól í tæknigeiranum sem nýtast náms- og starfsráðgjöfum. Sama dag er hugmynd að halda námskeið á vegum Evrópumíðstöðvarinnar.

7. Uppskeruhátíð námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf

Búið er að fresta uppskeruhátíðinni fram á haust.

8. Ráðstefna IAEVG í Madrid

Verið er að óska eftir tilboðum í flug og hóteli svo hægt sé að fara hópferð á ráðstefnu IAEVG í Madrid í nóvember. Félagsmenn FNS eru meðlimir í IAEVG og fá því afslátt af ráðstefnugjaldinu.

9. Önnur mál

Hugmynd kom upp um að þegar nemendur ljúka námi sem náms- og starfsráðgjafar þá fái þeir leyfisbréfið með útskriftarskírteinunu - Soffía tekur þetta mál upp með námsbraut náms- og starfsráðgjafar.

Þar sem Olga gaf ekki kost á sér í stjórn FNS fyrir næsta ár var þetta var síðasti fundurinn hennar. Stjórnin þakkar henni fyrir vel unninn störf og þá sérstaklega alla vinnuna í kringum félagatalið.

Fundi slitið kl 16.

Fundarritari: Unnur Símonardóttir